



Talnabrunnur

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis

Pungunarrof 2020-2025


Þróun frá gildistöku laga um þungunarrof nr. 43/2019

Lög um þungunarrof nr. 43/2019 tóku gildi árið 2019. Samkvæmt þeim á kona, sem óskar þess, rétt á að fá þungun sína rofna fram að lokum 22. viku þungunar. Þungunarrof skal framkvæmt eins fljótt og auðið er og helst fyrir lok 12. viku meðgöngu. Eftir lok 22. viku er einungis heimilt að framkvæma þungunarrof við sérstakar aðstæður sem kveðið er á um í lögum.


Í Talnabrunni eru birtar tölulegar upplýsingar um þungunarrof á Íslandi á árunum 2020-2025. Tölfræðin byggir á gögnum úr [þungunarrofsskrá](#) embættis landlæknis og veitir yfirlit yfir þróun í fjölda þungunarrofa, tíðni eftir aldri, meðgöngulengd við þungunarrof og tegund meðferðar sem beitt var við þungunarrof. Vegna breytinga á lögum og skráningarfyrirkomulagi árið 2019 eru gögn frá árinu 2020 og síðar ekki að öllu leyti samanburðarhæf við [eldri tölur](#).

Heildartölur og aldursbundin tíðni

Fjöldi skráðra þungunarrofa hefur sveiflast nokkuð á tímabilinu 2020-2025. Fæst voru þau árið 2021 en árið 2025 voru skráð 1.117 þungunarrof, sem er svipaður fjöldi og sást fyrir gildistöku laga um þungunarrof árið 2019. Þótt fjöldi þungunarrofa hafi aukist frá árinu 2021 hefur tíðnin verið mun stöðugri þegar tekið er tillit til fjölgunar kvenna á frjósemisaldri (mynd 2) Árið 2025 voru framkvæmd 12,2 þungunarrof á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára). Tíðnin hefur nokkuð stöðug eða á bilinu 11,1 til 12,7 á hverjar 1.000 konur á árunum 2020-2025. Tíðni þungunarrofa er lægri árin 2020-2025 heldur en fyrri ár (hér skal þó tekið fram að tölur þessara tveggja tímabila eru ekki að fullu sambærilegar).




Mynd 1. Fjöldi þungunarrofa 2008-2025. Uppruni gagna: Þungunarrofsskrá embættis landlæknis (2020-2025). Fóstureyðingaskrá embættis landlæknis 2008-2018. *Tölur fyrir árin 2008-2018 eru ekki fyllilega samanburðarhæfar við árin 2020-2025.



Mynd 2. Tíðni þungunarrofa miðað við hverjar 1.000 konur (15-49 ára), 2020-2025. Uppruni gagna: Þungunarrofsskrá embættis landlæknis (2020-2025). Fóstureyðingaskrá embættis landlæknis 2008-2018. *Tölur fyrir árin 2008-2018 eru ekki fyllilega samanburðarhæfar við árin 2020-2025.

Sé litið til aldurs þeirra kvenna sem gangast undir þungunarrof má sjá að tíðnin er hæst meðal kvenna á aldrinum 20-24 ára og 25-29 ára. Tæplega helmingur allra þungunarrofa á árunum 2020-2025 var hjá konum á þrítugsaldri (mynd 3), svipað og fyrir gildistöku laga um þungunarrof árið 2019.


Aldursdreifing þungunarrofa hefur að mestu leyti verið stöðug á tímabilinu. Þó má greina nokkra tilfærslu í átt að yngri aldurshópum, þar sem tíðni þungunarrofa jókst bæði meðal kvenna undir 20 ára aldri og meðal kvenna á aldrinum 20-24 ára. Hjá öðrum aldurshópum voru breytingarnar minni og einkenndust fremur af árlegum sveiflum en skýrri þróun til hækkunar eða lækkunar.



Mynd 3. Tíðni þungunarrofa miðað við 1.000 konur í hverjum aldurshópi, 2020 - 2025.


Meðgöngulengd og tegund meðferðar

Gögn fyrir árin 2020-2025 benda ekki til verulegra breytinga á meðgöngulengd við þungunarrof frá gildistöku laga um þungunarrof árið 2019. Árið 2025 var mikill meirihluti þungunarrofa framkvæmdur snemma á meðgöngu en um 85% kvenna voru gengnar skemur en níu vikur þegar þungunarrof var framkvæmt. Til samanburðar var hlutfallið 80% árin 2017 og 2018. Þungun var rofin fyrir lok 12. viku meðgöngu í um 95% tilvika á tímabilinu. Þungunarrof eftir meira en 20 vikna meðgöngu voru sjaldgæf og námu innan við 1,5% allra þungunarrofa ár hvert. Þótt nokkrar árlegar sveiflur sjáist í fámennum hópi eru engar vísbendingar um verulega breytingu á hlutfalli þungunarrofa síðar á meðgöngu.



Mynd 4. Hlutfall þungunarrofa greint eftir meðgöngulengd, 2020-2025.

Á árunum 2020-2025 var meirihluti þungunarrofa framkvæmdur með lyfjum og var hlutfallið á bilinu 85,7-90,3% (mynd 5). Á sama tíma lækkaði hlutfall þungunarrofsaðgerða úr 13,8% í 7,5%. Túlka ber þá breytingu með nokkurri varúð þar sem tilvikum þar sem ekki kom fram með hvaða hætti þungunarrof var framkvæmt fjölgaði jafnframt hlutfallslega á tímabilinu. Engu að síður má sjá að þungunarrof með lyfjum er ríkjandi meðferðarform og var notað í um níu af hverjum tíu þungunarrofum árið 2025.



Mynd 5. Hlutfall þungunarrofs eftir tegund meðferðar, 2020-2025.

Gæði skráningar mikilvæg fyrir áreiðanlega tölfræði

Þungunarrofsskrá embættis landlæknis byggir á sjúkdómsgreiningum og aðgerðakóðum sem skráðir eru í sjúkraskrárkerfum heilbrigðisþjónustunnar. Fyrirfram skilgreind gögn berast embættinu rafrænt og mynda grunn að tölfræði um þungunarrof. Gæði upplýsinganna eru því háð samræmdri, tímanlegri og vandaðri skráningu heilbrigðisstarfsfólks.


Embættið hefur lagt áherslu á að styðja við samræmda skráningu og gaf meðal annars út leiðbeiningar um skráningu þungunarrofa árið 2019. Í september 2026 voru [uppfærðar leiðbeiningar](#) gefnar út þar sem enn frekar er kveðið á um hvernig skrá beri þungunarrof og hvaða kóða skuli nota við mismunandi aðstæður. Markmiðið er að stuðla að auknum gæðum gagna og tryggja samanburðarhæfni yfir tíma.

Þungunarrof á Norðurlöndunum


Ísland er áfram nálægt norrænu meðaltali þegar tíðni þungunarrofa er borin saman. Samkvæmt nýjustu norrænu skýrslunni voru árið 2023 framkvæmd 12,1 þungunarrof á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára) á Norðurlöndunum í heild. Tíðnin var lægst í Finnlandi, 7,1 á hverjar 1.000 konur, en hæst í Svíþjóð, 15,8 á hverjar 1.000 konur.

Ísland hefur um langt árabil verið nálægt norrænu meðaltali hvað varðar tíðni þungunarrofa. Líkt og hér á landi hefur tíðni þungunarrofa á Norðurlöndunum í heild verið tiltölulega stöðug undanfarin ár, þótt nokkrar sveiflur sjáist milli landa. Þrátt fyrir mismunandi lagaumhverfi og skipulag þjónustu er tíðni þungunarrofa almennt lág á Norðurlöndunum í samanburði við mörg önnur Evrópulönd.

Niðurstöður nýlegrar norrænnar rannsóknar um þróun þungunarrofa á Norðurlöndunum síðustu 50 ár benda til þess að þrátt fyrir rýmra lagaumhverfi hafi tíðni þungunarrofa almennt verið stöðug eða farið lækkandi frá því um miðjan níunda áratuginn. Rannsóknin sýnir jafnframt að sífellt stærri hluti þungunarrofa er framkvæmdur snemma á meðgöngu og að lyfjameðferð hefur að mestu leyst skurðaðgerðir af hólmi sem algengasta meðferðarformið. Höfundar rannsóknarinnar benda einnig á að lagabreytingin á Íslandi árið 2019 virðist hvorki hafa leitt til fjölgunar þungunarrofa né aukningar á þungunarrofum sem framkvæmd eru síðar á meðgöngu.



Mynd 6. Tíðni þungunarrofs miðað við hverjar 1.000 konur (15-49 ára) á Norðurlöndunum, 2023. Heimild: *Induced abortions in the Nordic countries 2023. THL Statistical report.*



Mynd 7. Þróun á fjölda þungunarrofa á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára) á Norðurlöndunum, 1990-2023. Heimild: *Induced abortions in the Nordic countries 2023. THL Statistical report.*

Að lokum

Niðurstöður greiningar fyrir árin 2020-2025 bendir til þess að tíðni þungunarrofa á Íslandi hafi verið tiltölulega stöðug frá gildistöku laga um þungunarrof árið 2019. Þótt heildarfjöldi þungunarrofa hafi sveiflast nokkuð milli ára hefur tíðnin lítið breyst þegar tekið er tillit til fjölgunar kvenna á frjósemisaldri. Árið 2025 var tíðnin 12,2 þungunarrof á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri samanborið við 12,8 árið 2018, síðasta heila árið fyrir gildistöku laganna.

Aldursdreifing þungunarrofa hefur að mestu leyti verið stöðug á tímabilinu. Þó má greina nokkra aukningu í tíðni meðal yngstu kvennanna, bæði hjá þeim sem eru undir 20 ára aldri og í aldurshópnum 20 til 24 ára. Mikill meirihluti þungunarrofa var framkvæmdur fyrir níu vikna meðgöngu og langflest með lyfjameðferð.

Í samanburði við önnur Norðurlönd er tíðni þungunarrofa á Íslandi áfram nálægt norrænu meðaltali. Niðurstöður þessarar greiningar eru jafnframt í samræmi við niðurstöður norrænnar rannsóknar frá 2024 sem bendir til þess að breytingar á lagaumhverfi hafi hvorki leitt til fjölgunar þungunarrofa né aukinnar tíðni þungunarrofa síðar á meðgöngu.

Arna Harðardóttir
Védís Helga Eiríksdóttir

Efni
Þungunarrof 2020-2025
Þróun frá gildistöku laga um þungunarrof nr. 43/2019

Bls.
1

Ritstjórn
Védís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri
Sigríður Haralds Elínardóttir, ábm.
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
S. 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is